

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 27. nóvember 1990

um vanda er varðar heilbrigði almennings og dýra og hefur áhrif á framleiðslu og markaðssetningu á kanínukjöt og alivillibráð

(91/495/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í vöruskránni í II. viðauka við sáttmálann er að finna kanínukjöt og alivillibráð. Kanínueldi og eldi villtra dýra heyrir almennt undir landbúnaðarmál. Þetta eldi er tekjulind fyrir hluta þeirra sem stunda landbúnað.

Til að tryggja skynsamlega þróun á þessu sviði og auka framleiðni verður að setja reglur innan bandalagsins um vanda er varðar heilbrigði almennings og dýra og hefur áhrif á framleiðslu og markaðssetningu á kanínukjöt og alivillibráð.

Eyða ber misræminu milli aðildarríkjanna að því er varðar heilbrigðisskilyrði dýra og manna svo efla megi viðskipti innan bandalagsins með kanínukjöt og alivillibráð og stuðla þannig að því að hinum innri markaði verði komið á.

Sjúkdómar sem kunna að berast í húsdýr og menn geta borist með kanínukjöt og alivillibráð. Því er nauðsynlegt að setja reglur sem gera kleift að halda þessari hættu í skefjum.

Kjötið sem um ræðir skal meðhöndlað við góðar hreinlætis- aðstæður til að forðast sýkingu og eitránir frá matvörum.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. C 327, 30. 12. 1989, bls. 40.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. C 260, 15. 10. 1990, bls. 154.

⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. C 124, 21. 5. 1990, bls. 7.

Í tilskipun ráðsins 82/894/EBE frá 21. desember 1982 um tilkynningu dýrasjúkdóma innan bandalagsins ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/162/EBE ⁽⁵⁾, eru sett skilyrði um tilkynningu á dýrasjúkdómum innan bandalagsins. Því er rétt að hafa sömu upplýsingar um tiltekna smitsjúkdóma sem herja á alin villt dýr og önnur dýr.

Í tilskipun ráðsins 64/433/EBE frá 26. júní 1964 um heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á viðskipti með nýtt kjötmeti innan bandalagsins ⁽⁶⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/662/EBE ⁽⁷⁾, og tilskipun ráðsins 71/118/EBE frá 15. febrúar 1971 um heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á viðskipti með nýtt alifuglakjöt ⁽⁸⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/539/EBE ⁽⁹⁾, eru settar heilbrigðis-kröfur um nýtt kjöt og nýtt alifuglakjöt. Alin villt dýr sem notuð eru til framleiðslu á villibráð eru sambærileg öldum spendýrum og öldum fuglum. Því er rétt að láta þær heilbrigðisreglur sem þegar gilda um viðskipti með ferskt kjöt og alifuglakjöt einnig gilda um framleiðslu á alivillibráð að teknu tilliti til ákveðinna sérþátta.

Rétt er að mæla fyrir um undantekningar fyrir lítið magn af kanínukjöt og alivillibráð sem viðskipti eru höfð með á heimamarkaði.

Að því er varðar skipulagningu og framkvæmd eftirlits af hálfu viðtökuaðildarríkisins og fyrirhugaðar verndarráðstafanir ber að vísa til hinna almennu reglna í tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og vörur til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽¹⁰⁾.

Framkvæmdastjórninni skal falið að gera vissar ráðstafanir til þess að koma þessari tilskipun í framkvæmd. Með það í huga skal ákveða aðferðir sem fela í sér nána og árangursríka samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna í fastanefndinni um dýraheilbrigði.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 378, 31. 12. 1982, bls. 58.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB nr. L 61, 4. 3. 1989, bls. 48.

⁽⁶⁾ Stjútíð. EB nr. L 121, 29. 7. 1964, bls. 2012/64.

⁽⁷⁾ Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 13.

⁽⁸⁾ Stjútíð. EB nr. L 55, 8. 3. 1971, bls. 23.

⁽⁹⁾ Stjútíð. EB nr. L 303, 31. 10. 1990, bls. 6.

⁽¹⁰⁾ Stjútíð. EB nr. L 224, 18. 9. 1990, bls. 29.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

Almennar reglur

1. gr.

Í þessari tilskipun eru settar kröfur um vanda er varðar heilbrigði almennings og dýra og hefur áhrif á framleiðslu og markaðssetningu á kanínukjöti og alivillibráð.

2. gr.

Í þessari tilskipun gilda skilgreiningarnar í 2. gr. tilskipunar 64/433/EBE og 2. gr. tilskipunar 71/118/EBE.

Einnig gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1. „kanínukjöt“: allir hlutar tamdrar kanínu sem eru hæfir til manneldis;
2. „alivillibráð“: allir hlutar villtra landspendýra og villtra fugla — á meðal þeirra tegunda sem um getur í 1. mgr. 2. gr. í tilskipun 90/539/EBE — ræktaðra, alinna og slátraðra í ófrelsi sem eru hæfir til manneldis;
3. „alin villt dýr“: landspendýr eða fuglar sem eru ekki talin til húsdýra og ekki er getið um í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 64/433/EBE né 1. gr. tilskipunar ráðsins 71/118/EBE, en eru alin sem húsdýr. Villt spendýr sem lifa á afgirtu svæði og njóta jafnmikils frelsis og villt dýr teljast þó ekki til alinna villtra dýra;
4. „framleiðsluland“: aðildarríkið þar sem framleiðslubýlið er.

II. KAFLI

Reglur um framleiðslu og markaðssetningu kanínukjöts

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að kanínukjöt:
 - a) komi frá starfsstöð sem uppfyllir almennu skilyrðin í tilskipun 71/118/EBE og er viðurkennd með hliðsjón af þessum kafla í samræmi við 14. gr.;
 - b) sé af dýrum frá býlum eða svæðum sem ekki hefur verið sett bann á í kjölfar skoðunar dýralæknis;

- c) sé af dýrum sem opinber dýralæknir eða aðstoðarmenn hafa skoðað fyrir slátrun í samræmi við 4. gr. tilskipunar 71/118/EBE, og í samræmi við I. kafla I. viðauka við þessa tilskipun, og sem við skoðun hafa reynst hæf til slátrunar;
- d) hafi verið meðhöndlað við fullnægjandi hreinlætisskilyrði sambærileg þeim sem kveðið er á um í V. kafla I. viðauka við tilskipun 71/118/EBE, fyrir utan skilyrðin í 28. lið a og 28. lið b;
- e) hafi verið skoðað eftir slátrun í samræmi við II. kafla I. viðauka við þessa tilskipun af opinberum dýralækni eða, samkvæmt 4. gr. tilskipunar 71/118/EBE, af aðstoðarmönnum og engar breytingar hafa komið í ljós fyrir utan áverka sem hafa orðið skömmu fyrir slátrun eða staðbundnar afmyndanir eða breytingar, að því tilskildu að það sé staðfest, ef þörf krefur, með viðeigandi prófum á rannsóknarstofu, að þetta geri skrokkinn eða slátrið óhæft til manneldis eða skaðlegt heilsu manna;
- f) sé með heilbrigðismerki í samræmi við III. kafla I. viðauka við þessa tilskipun.

Þar sem við á er heimilt að taka ákvörðun um að breyta eða bæta við ákvæði fyrrnefnds kafla í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 20. gr. svo taka megj sérstaklega til greina mismunandi útlit og frágang, að því tilskildu að hann sé í samræmi við hreinlætisreglur; einkum, og þrátt fyrir fyrrnefndan kafla, skal með þessari málsmeðferð ákvarða — fyrir 1. janúar 1992 í fyrsta sinn — skilyrðin fyrir leyfi til að markaðssetja í stórum pakkningum, sem eru ekki merktar í samræmi við a-lið í 11. 3 í nefndum kafla, heila skrokka, hluta þeirra eða slátur;

- g) sé geymt í samræmi við IV. kafla í I. viðauka við þessa tilskipun að skoðun lokinni eftir slátrun við hreinlætisskilyrði í starfsstöðvum viðurkenndum í samræmi við 14. gr. eða í geymslum sem viðurkenndar eru í samræmi við reglur bandalagsins;
 - h) hafi verið flutt við fullnægjandi hreinlætisskilyrði í samræmi við V. kafla í I. viðauka við þessa tilskipun;
 - i) þegar um er að ræða skrokka eða úrbeinað kjöt, hafi verið unnið við svipuð skilyrði og þau sem kveðið er á um í 3. gr. tilskipunar 71/118/EBE í starfsstöðvum sem hafa til þess sérstaka heimild í samræmi við 14. gr. þessarar tilskipunar.
2. Hvert aðildarríki skal að auki sjá til þess að nýju kanínukjöti sem sent er inn á yfirráðasvæði annars aðildarríkis fylgi heilbrigðisvottorð í flutningi til viðtökulandsins. Frumeintakið af heilbrigðisvottorðinu sem opinber dýralæknir gefur út við fermingu skal fylgja nýju kanínukjöti í

flutningi til viðtakanda. Heilbrigðisvottorðið skal að formi og innihaldi samsvara fyrirmyndinni í II. viðauka. Það skal að minnsta kosti samið á tungumáli eða tungumálum viðtökulandsins og skal taka til þeirra atriða sem kveðið er á um í fyrirmyndinni í viðaukanum.

4. gr.

1. Þrátt fyrir 3. gr. er aðildarríkjunum heimilt að leyfa:

- a) að smáframleiðandi afgreiði kanínukjöt beint til einstaklings til eigin neyslu;
- b) að bændur með lítið kanínueldi afgreiði nýtt kanínukjöt í takmörkuðu magni:
 - annaðhvort beint til neytenda á heimamörkuðum næst býlum þeirra,
 - eða til smásala sem selur það beint til neytenda, að því tilskildu að smásalinn sé með rekstur á sama stað og framleiðandinn eða í næsta nágrenni.

Þessi hugsanlega undantekning tekur ekki til farandsölu, póstsölu og, að því er lýtur að smásölum, markaðssölu.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja heilbrigðisefirlit með þeirri starfsemi sem um getur í 1. mgr. og samþykkja reglur sem gera kleift að rekja upprunabújörð slíks kjöts.

3. Framkvæmdastjórnin getur samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 20. gr. samþykkt nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar og einkum, að beiðni aðildarríkjanna, ákveðið hámarks magn sem leyft er að afgreiða samkvæmt 1. mgr.

III. KAFLI

Reglur um framleiðslu og markaðssetningu á alivillibráð

5. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að viðskipti innan bandalagsins með alivillibráð uppfylli:

- a) ef um er að ræða alda villta fugla, kröfurnar í tilskipun ráðsins 91/494/EBE frá 26. júní 1991 um skilyrði

á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins og innflutning á nýju alifuglakjöti frá þriðju löndum ⁽¹⁾;

- b) ef um aðrar tegundir af öldum villtum dýrum er að ræða, kröfurnar í tilskipun ráðsins 72/461/EBE frá 12. desember 1972 um vanda á sviði heilbrigðisstefnu sem hefur áhrif á viðskipti með nýtt kjötmeti innan bandalagsins ⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/662/EBE.

6. gr.

1. Alivillibráð sem er af landklaufspendýrum skal uppfylla skilyrðin þar að lútandi sem um getur í 3. gr. og b-tilkilið í 5. gr. tilskipunar 64/433/EBE, að því tilskildu að upprunahjörðin sé reglubundið rannsökuð af dýralækni og sé ekki háð neinum takmörkunum sem leiðir af rannsókninni sem gerð er í samræmi við 11. gr. eða í kjölfar dýralæknisskoðunar. Nákvæmar reglur um þessa skoðun skulu settar í samræmi við málsmeðferðina í 20. gr.

Dýrin sem um ræðir skulu meðhöndluð á öðrum tímum en nautgripir, svín, sauðfé og geitur.

Heilbrigðisvottorðið sem skal fylgja þessu kjöti skal samsvara fyrirmyndinni í IV. viðauka við þessa tilskipun.

Kjöt af öldum villtum svínnum eða öðrum tegundum sem eru móttækilegar fyrir trikinúsýkingu skal rannsaka með því að skoða meltingarveg í samræmi við tilskipun ráðsins 77/96/EBE frá 21. desember 1976 um rannsókn á trikinu (*trichinella spiralis*) við innflutning á nýju alisvínakjöti frá þriðju löndum ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/321/EBE ⁽⁴⁾.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er opinberri þjónustustofnun heimilt að leyfa slátrun á öldum villtum dýrum á upprunastaðnum ef ekki er hægt að flytja þau eða til að koma í veg fyrir að þeim sem meðhöndlar dýrin sé stefnt í hættu eða að teknu tilliti til velferðar dýranna. Þetta leyfi má veita, að því tilskildu:

- að hjörðin sé reglubundið rannsökuð af dýralækni og sé ekki háð neinum takmörkunum sem leiðir af rannsókninni sem gerð er í samræmi við 12. gr. eða í kjölfar dýralæknisskoðunar,
- að eigandi dýranna leggi fram beiðni þar að lútandi,
- að opinberu yfirvaldi sé fyrirfram tilkynnt um hvaða dag slátrunin fer fram,
- að á bújörðinni sé staður þar sem villtu dýrunum er safnað saman svo hægt sé að skoða hópinn fyrir slátrun,

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 35.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. L 302, 31. 12. 1972, bls. 24.

⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. L 26, 31. 1. 1977, bls. 67.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 133, 17. 5. 1989, bls. 33.

- að á bújörðinni séu húsakynni sem henta til að slátra dýrunum, stinga þau og blóðga,
- að þau dýr sem er slátrað með því að stinga þau eða blóðga séu rotuð áður og skal það gert í samræmi við skilyrðin í tilskipun 74/577/EBE ⁽¹⁾; dýralæknisþjónustan má aðeins heimila í sérstökum tilvikum að þau séu skotin,
- að eftir að dýrunum hefur verið slátrað og þau blóðguð séu þau hengd upp eins fljótt og unnt er og þau flutt við fullnægjandi hreinlætisskilyrði til sláturhúss sem viðurkennt er í samræmi við tilskipun 66/433/EBE. Ef ekki er unnt að flytja villt dýr sem slátrað er á eldisstað í sláturhús sem viðurkennt er í samræmi við 8. gr. tilskipunar 64/433/EBE innan klukkustundar, skal flytja það í íláti eða flutningatækjum þar sem umhverfishita er haldið milli 0°C og 4°C. Innyfli skulu tekin úr í síðasta lagi þremur tímum eftir að dýrin hafa verið rotuð,
- við flutning til sláturhússins skal vottorð útféfið af dýralæknisþjónustunni fylgja slátruðum dýrum þar sem staðfest er að skoðun á þeim fyrir slátrun sé jákvæð, rétt hafi verið staðið að blóðgun og sláturtími; þetta vottorð skal vera í samræmi við fyrirmyndina í III. viðauka.

3. Þar til heilbrigðisreglur um kjöt sem ætlað er til heima-markaðar hafa verið samþykktar er heimilt, þrátt fyrir 1. mgr., að slátra villtum öldum stórgripum og stykkja og geyma kjötið sem um getur í 1. mgr. í starfsstöðvum sem innlend yfirvöld viðurkenna fyrir heima-markaðinn, að því tilskildu að viðskipti séu ekki höfð með slíkt kjöt innan bandalagsins.

7. gr.

1. Viðtökulöndunum er heimilt, að teknu tilliti til almennu ákvæðanna í sáttmálanum, að veita einu eða fleiri sendingarlöndum almennar heimildir, eða heimildir sem takmarkast við sérstök tilvik, til að flytja nýtt kjöt sem um getur í b- og i- til k-lið í 5. gr. tilskipunar 64/433/EBE inn á yfirráðasvæði þeirra.

Eingöngu er heimilt að senda nýtt kjöt í samræmi við 1. mgr. og 3. mgr. í 3. gr. tilskipunar 64/433/EBE.

2. Ef viðtökulandið veitir almenna heimild í samræmi við 1. mgr. skal það þegar í stað tilkynna það öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni.

3. Sendingarlöndin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að í heilbrigðisvottorðinu, samanber fyrirmyndina í IV. viðauka, sé greint frá því að einn kosturinn sem kveðið er á um í 1. mgr. hafi verið valinn.

⁽¹⁾ Stjórnartíðindi EB nr. L 316, 26. 11. 1974, bls. 10.

8. gr.

Kjöt af öldum villtum fuglum skal uppfylla skilyrðin sem um getur í 3. gr. tilskipunar 71/118/EBE.

Heilbrigðisvottorðið sem kveðið er á um í 8. gr. tilskipunar 71/118/EBE og skal vera í samræmi við fyrirmyndina í IV. viðauka þessarar tilskipunar skal fylgja kjöti af öldum villtum fuglum sem ætlað er til viðskipta innan bandalagsins.

Þegar aðferðin sem er notuð við að fjarlægja innyfli úr kornhænum eða dúfum leyfir ekki fullkomna heilbrigðisskoðun á innyflum hvers fugls er þó heimilt, þrátt fyrir 23. gr. V. kafla í I. viðauka við tilskipun 71/118/EBE, að skoða sýni af að minnsta kosti 5% í 500 fugla hópi og í samsvarandi hlutfalli ef um er að ræða fleiri fugla en 500, að því tilskildu að hópurinn sé einsleitur að því er varðar tegund, þyngd og uppruna.

Ef niðurstöðurnar eru ekki að öllu leyti fullnægjandi gildir matið á því hvort dýrin séu hæf til manneldis, byggt á skoðun á innyflasýnum, fyrir allan hópinn.

9. gr.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein í 8. gr., þegar um er að ræða kjöt af öldum villtum fuglum sem er framleitt og sett á markað á þeirra yfirráðasvæði er aðildarríkjunum heimilt, að teknu tilliti til almennu ákvæðanna í sáttmálanum, að veita þeim sláturhúsum eða stykkjunarstöðvum sem eru á yfirráðasvæði þeirra og önnuðust þessa starfsemi fyrir þann dag sem tilkynnt var um þessa tilskipun og þeim sem fara sérstaklega fram á það, undanþágu frá ákvæðunum um slátrun og fjarlægingu á innyflum sem mælt er fyrir um í V. kafla I. viðauka við tilskipun 71/118/EBE þegar um er að ræða framleiðslu alinna villtra fugla sem innyfli eru að hluta til eða ekki tekin úr.

Notkun heilbrigðismerkjanna sem kveðið er á um í X. kafla í I. viðauka við tilskipun 71/118/EBE skal bönnuð þegar þessi undanþága er nýtt.

10. gr.

Ákvæði 8. gr. gilda ekki um kjöt af öldum villtum fuglum sem framleiðandi afgreiðir í einstökum tilvikum beint til neytanda, að undanskildri farandsölu, póstsölu eða markaðssölu.

Framkvæmdastjórnin getur samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 20. gr. samþykkt nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar og einkum, að beiðni aðildarríkjanna, ákveðið hámarks magn sem heimilt er að afgreiða samkvæmt fyrstu mgr.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði

11. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að heilbrigði kanína og alinna villtra dýra sé rannsakað reglulega á bújörðum á þeirra yfirráðasvæði.

2. Í þessu skyni skal þjónustumiðstöð eða stofnun falið að safna og nýta niðurstöður heilbrigðisskoðana sem gerðar eru í samræmi við þessa tilskipun, ef sjúkdómar greinast sem kunna að berast í menn eða dýr eða ef efnaleifar finnast í meira magni en leyfilegt er.

3. Greinist sjúkdómur eða ástand sem um getur í 2. mgr. skal tilkynna niðurstöður rannsóknar er varða ákveðið tilvik eins fljótt og auðið er þeirri opinberu þjónustu sem ber ábyrgð á eftirliti með þeim bústofni sem dýrin eru af.

4. Með hliðsjón af farsótt í dýrunum skal hin opinbera þjónustustofnun gera sérstök próf á öldum villtum dýrum til að greina sjúkdóma sem getið er um í I. viðauka við tilskipun 82/894/EBE.

Ef þessir sjúkdómar finnast skal tilkynna það framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum í samræmi við téða tilskipun.

12. gr.

1. Aðildarríkin skulu bæta við áætlanir sínar um mælingar á efnaleifum sem um getur í 4. gr. tilskipunar ráðsins 86/469/EBE frá 16. september 1986 um athuganir á efnaleifum í dýrum og nýju kjöti ⁽¹⁾ til þess að láta fara fram skoðun á kanínum og öldum villtum dýrum sem kveðið er á um í þeirri tilskipun og einnig rannsaka villt dýr til þess að greina smitefni sem eru í umhverfinu.

2. Að teknu tilliti til niðurstaðna rannsóknanna sem um getur í 4. mgr. 11. gr. skulu aðildarríkin setja takmarkanir á notkun villibraðar frá bújörðum eða yfirráðasvæðum sem rannsókn hefur vakið athygli á.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykka nákvæmar reglur fyrir beitingu þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 20. gr.

13. gr.

Kanínukjöt eða kjöt af öldum villtum fuglum skal ekki nota til manneldis ef:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 275, 26. 9. 1986, bls. 36.

a) það er gallað á einhvern þann hátt sem minnst er á í a-lið 9. mgr. í I. viðauka;

b) ef það er af dýrum sem hefur verið gefið efni sem geta gert kjötið hættulegt eða skaðlegt heilsu manna og sem tekin hefur verið ákvörðun um, í samræmi við málsmeðferðina í 20. gr., í samræmi við álit vísindanefndarinnar um dýraheilbrigði. Þar til sú ákvörðun hefur verið tekin gilda innlendar reglur um leyfileg efni í samræmi við almennu ákvæðin í sáttmálanum;

c) með fyrirvara um hugsanlegar reglugerðir bandalagsins varðandi myndun jóna, það er meðhöndlað með jónun eða útfjólubláum geislum, efnun til að gera kjötið meyr eða öðrum efnun sem kunna að hafa áhrif á skynræna eiginleika kjötsins eða liti aðra en þá sem eru notaðir við heilbrigðismerkingu.

14. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera skrá yfir starfsstöðvar sem það viðurkennir og skal hver starfsstöð hafa löggildingarnúmer. Aðildarríkjunum er heimilt að viðurkenna til slátrunar og stykkjunar á kanínum og öldum villtum dýrum starfsstöðvar sem eru viðurkenndar í samræmi við tilskipun 71/118/EBE eða tilskipun 64/433/EBE, að því tilskildu að þessar starfsstöðvar séu búnar til að vinna kanínukjöt og/eða alivillibrað og að starfsemin fari fram þannig að hún sé í samræmi við hreinlætisreglur. Aðildarríki skulu senda þessa skrá til annarra aðildarríkja og til framkvæmdastjórnarinnar.

2. Aðildarríki skal ekki viðurkenna starfsstöð nema tryggt sé að farið sé að þessari tilskipun. Aðildarríki skal afturkalla viðurkenningu ef skilyrðum fyrir viðurkenningu er ekki lengur fullnægt.

3. Hafi eftirlit farið fram í samræmi við 16. gr. skal viðkomandi aðildarríki taka til greina niðurstöður þess. Tilkynna skal öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um afturköllun á viðurkenningu.

4. Skoðun og eftirlit með viðurkenndum starfsstöðvum skal fara fram á ábyrgð opinbers dýralæknis sem, með fyrirvara um þau verkefni sem aðstoðarmenn hafa með höndum samkvæmt tilskipun 71/118/EBE, má hafa sér til aðstoðar við dagleg störf starfsmenn sem eru sérstaklega þjálfaðir til þess. Opinber dýralæknir skal ávallt hafa fullan aðgang að öllum hlutum starfsstöðvarinnar svo tryggt sé að farið sé að þessari tilskipun.

Nákvæmar reglur um þessa aðstoð skulu ákvarðaðar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 20. gr.

15. gr.

Sérfræðingar framkvæmdastjórnarinnar um dýraheilbrigði mega, að svo miklu leyti sem þörf krefur til að tryggja einsleita beitingu þessarar tilskipunar, láta fara fram skoðun

á staðnum í samvinnu við lögbær yfirvöld aðildarríkjanna. Þeim er heimilt að sannreyna hvort viðurkennd starfsstöð fari í raun að þessari tilskipun. Framkvæmdastjórnin skal láta aðildarríkin vita um niðurstöður skoðana.

Aðildarríki þar sem skoðunin fer fram skal veita sérfræðingunum alla nauðsynlega aðstoð við skyldustörf þeirra.

Setja skal almenn ákvæði til framkvæmdar þessari grein í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 20. gr.

16. gr.

1. Ákvæðin í tilskipun ráðsins 89/662/EBE, um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan bandalagsins til að stuðla að því að hinum innra markaði verði komið á, skulu einkum gilda um skipulagningu og framkvæmd eftirlitsins af hálfu viðtökuáðildarríkisins og um verndarráðstafanir sem beitt verður í tengslum við heilbrigðisvanda og hefur áhrif á framleiðslu og dreifingu á kanínukjöti og villibráð á yfirráðasvæði bandalagsins.

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 89/662/EBE:

a) í viðauka A bætist við eftirfarandi liður:

„— Tilskipun ráðsins 91/495/EBE frá 27. nóvember 1990 um vanda er varðar heilbrigði almennings og dýra og hefur áhrif á framleiðslu og markaðssetningu á kanínukjöti og alivillibráð (Stjtíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 41) (Að undanskildu kanínukjöti og villibráð frá þriðju löndum)“;

b) í viðauka B komi „villibráð“ í stað „kanínukjöt og villibráð“.

17. gr.

Þar til ákvæði bandalagsins um innflutning á kanínukjöti og villibráð frá þriðju löndum koma til framkvæmda skulu aðildarríkin beita ákvæðum um þennan innflutning sem eru að minnsta kosti jafngild ákvæðunum í þessari tilskipun.

Þar til þessi ákvæði koma til framkvæmda skulu aðildarríki þó tryggja að um innflutning frá þriðju löndum gildi reglurnar í þriðju undirgrein b-liðar 1. mgr. 6. gr. í tilskipun 89/662/EBE og einnig að:

i) nýtt kanínukjöt og ný villibráð megi alls ekki bera opinber heilbrigðismerki sem um getur í X. kafla I. viðauka við tilskipun 71/118/EBE og ef það er stykkjað og úrbeinað skal það meðhöndlað í samræmi við B-lið 1. mgr. 3. gr. í þeirri tilskipun;

ii) kjöt af dýrum sem eru næm fyrir tríkínusýkingu skal rannsaka með því að skoða meltingarveg í samræmi við tilskipun ráðsins 77/96/EBE.

V. KAFLI

Lokaákvæði

18. gr.

Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á bandalagsreglur sem verða samþykktar til verndunar villtu dýralífi.

19. gr.

Ráðið skal með auknum meirihluta að tillögu framkvæmdastjórnarinnar kveða á um breytingar á viðaukum þessarar tilskipunar til þess að laga þá að tækniframförum.

20. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein ber formanni að vísa málinu án tafar til fastanefndarinnar um dýraheilbrigði, sem komið var á fót með ákvörðun 68/361/EBE ⁽¹⁾ (hér eftir kölluð „nefndin“), annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitnið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir ef þær eru í samræmi við álit nefndarinnar.

4. Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin engu álitni ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal.

Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir og koma þeim tafarlaust til

⁽¹⁾ Stjtíð. EB nr. L 255, 18. 10. 1968, bls. 23.

framkvæmda nema ráðið hafi með einföldum meirihluta lýst sig andsnúið umræddum ráðstöfunum.

21. gr.

Þar til heilbrigðis- og dýraheilbrigðissskoðunarreglum bandalagsins um framleiðslu og markaðssetningu á villibráð koma til framkvæmda, eigi síðar en 31. mars 1991, skulu reglur 3. mgr. 3. gr., annars undirliðar annarrar málsgreinar 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 89/662/EBE gilda um villibráð sem er hæf til manneldis.

22. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. janúar 1993. Þeim ber að tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

23. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. nóvember 1990.

Fyrir hönd ráðsins,

V. SACCOMANDI

forseti.

I. VIDAUKI

I. KAFLI

Heilbrigðisskoðun á kaninum fyrir slátrun

1. Áður en dýrunum er slátrað skulu þau skoðuð. Almenna reglan er sú að slík skoðun fyrir slátrun fari fram á bújörðinni fyrir fermingu.
 - a) Hafi skoðun fyrir slátrun farið fram á upprunabújörð er heimilt að takmarka skoðun í sláturhúsinu við það að kanna hvort dýrin hafa skaddast í flutningi, að því tilskildu að kanínurnar hafi verið skoðaðar á upprunabújörð innan 24 klukkustunda áður og taldar heilbrigðar. Að auki er skylt að bera kennsl á kanínurnar við komu til sláturhúss.

Hafi sami opinber dýralæknir ekki annast skoðunina á upprunabújörðinni og í sláturhúsinu skal heilbrigðisvottorð fylgja dýrunum þar sem er upplýsingarnar sem krafist er í III. viðauka koma fram.
 - b) Hafi skoðun fyrir slátrun ekki farið fram á upprunabújörð skal skoða kanínurnar fyrir slátrun innan 24 klukkustunda frá komu til sláturhússins. Endurtaka skal skoðunina rétt fyrir slátrun ef meira en 24 klukkustundir líða frá skoðun.

Sláturhússtjóri eða staðgengill hans skal auðvelda vinnu í tengslum við skoðun fyrir slátrun, einkum hverja þá meðhöndlun sem telst nauðsynleg.

Merkja skal hvert dýr eða dýrahóp sem sendur er til slátrunar til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að ákvarða uppruna hans.
2. Opinber dýralæknir skal annast skoðun fyrir slátrun í samræmi við starfsreglur og við nægilega lýsingu.
3. Skoðunin skal skera úr um:
 - a) hvort dýrin séu haldin sjúkdómi sem getur borist í menn eða dýr, hvort þau séu með einhver einkenni eða hvort almennt ástand þeirra sé slíkt að það gefi til kynna að slíkur sjúkdómur kunnir að koma upp;
 - b) hvort þau séu með einhver einkenni um sjúkdóm eða kvilla sem hefur áhrif á almennt ástand þeirra og kann að gera kjötið óhæft til manneldis.
4. Ekki má slátra dýrum til manneldis ef í ljós kemur að þau séu haldin einhverjum þeim sjúkleika sem um getur í 3. mgr.
5. Dýrunum sem um getur í 4. mgr. skal slátrað sérstaklega eða eftir slátrun annarra kanína og kjöt af þeim fjarlæggt á hreinlegan hátt.

II. KAFLI

Skoðun á kaninum eftir slátrun

6. Kanínurnar skal skoða strax eftir slátrun.
7. Skoðun eftir slátrun skal fara fram við fullnægjandi lýsingu.
8. Í heilbrigðisskoðun eftir slátrun felst:
 - a) sjónræn skoðun á slátraða dýrinu;
 - b) þreifing og ef þörf krefur skurður í lungu, lifur, milta, nýru og hluta skrokksins sem orðið hefur fyrir breytingum;
 - c) rannsóknir á fráviki í þéttleika, lit, lykt og hugsanlega bragði;
 - b) ef þörf krefur próf í rannsóknarstofu.

9. a) Kanínur skal lýsa óhæfar til manneldis ef skoðun eftir slátrun leiðir í ljós eftirfarandi:
- sjúkdóma sem kunna að berast í menn eða dýr;
 - illkynja eða margþætt æxli; fjölda kýla;
 - útbreidda sníkjudýrasýkingu í húð eða vöðvavef;
 - bannaðar efnaleifar eða leifar yfir leyfilegum mörkum bandalagsins finnast, þar með talin efni með lyfjafræðileg áhrif;
 - eitrun;
 - meiriháttar meiðsli eða útbreiðslu blóðs eða sermisisog;
 - frávik að því er varðar lit, lykt eða bragð;
 - frávik að því er varðar þéttleika, einkum bjúg eða alvarlega megurð.
- b) Hlutar slátraðra dýra með staðbundin meiðsli eða smit sem ekki hefur áhrif á afganginn af kjötinu skal lýsa óhæfa til manneldis.
- c) Niðurstöður skoðunar fyrir slátrun og skoðunar eftir slátrun skulu skráðar af opinberum dýralækni og ef einhver sjúkdómur sem um getur í 3. mgr. finnst eða efnaleifar skal tilkynna það yfirvöldum opinberu þjónustustofnunarinnar sem ber ábyrgð á eftirliti með bústofninum sem dýrin eru af, sem og þeim aðila sem ber ábyrgð á bústofninum sem um ræðir.

III. KAFLI

Heilbrigðismerking

10. Heilbrigðismerking skal fara fram á ábyrgð opinbers dýralæknis sem skal hafa í sinni vörslu og ábyrgjast í því skyni:
- a) tæki til heilbrigðismerkinga á kjöt sem einungis skal afhent aðstoðarfólki þegar merkingin fer fram og í þann tíma sem hún tekur;
 - b) merkimiða og umbúðir sem eru með merkið eða innsiglin sem um getur í 11. lið. Þessa merkimiða, umbúðir og innsigli skal afhenda aðstoðarfólkinu í þeim fjölda eintaka sem með þarf þegar á að nota þau.
- 11.1 Heilbrigðismerkið samanstendur af:
- a) — á efri hluta, upphafsstaf eða -stöfum heiti sendingarlandsins með hástöfum:
B, D, DK, EL, ESP, F, IRL, I, L, NL, P, UK,
— í miðju, löggildingarnúmer slátruhússins, eða þar sem við á, stykkjunarstöðvarinnar,
— á neðri hluta, einni eftirfarandi röð upphafsstafa:
CEE, EEG, EWG, EØF, EEC eða EOK,
bókstafirnir og tölustafirnir skulu vera 0,2 cm háir; eða
 - b) sporöskjulaga merki með upplýsingunum í a-lið; bókstafirnir skulu vera 0,8 cm háir og tölustafirnir 1,1 cm háir.
2. Efnið sem er notað til merkingar skal uppfylla allar hreinlætiskröfur og skulu upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. vera læsilegar.
3. a) Heilbrigðismerkin sem um getur í a-lið 1. mgr. skulu sett:
- á umbúðalaus skrokkana með innsigli með upplýsingunum sem taldar eru upp í a-lið 1. mgr.,
 - á eða vera sýnileg undir umbúðunum eða öðrum pakkningum af innpökkuðum skrokkum,
 - á eða vera sýnileg undir umbúðunum eða öðrum pakkningum með skrokkahlutum eða slátrúrfgang sem pakkað er í litlu magni;
- b) heilbrigðismerkið sem um getur í b-lið 1. mgr. skal sett á stórar pakkningar.

4. Ef heilbrigðismerkið er á umbúðunum eða pakkningunum í samræmi við 3. mgr.:
- skal það sett á að þann hátt að það eyðileggist þegar umbúðimar eða pakkningar eru opnaðar, eða
 - umbúðunum eða pakkningunum skal loka á þann hátt að ekki sé hægt að nota þær eftir að þær hafa verið opnaðar.

IV. KAFLI

Geymsla

12. Eftir skoðun að lokinni slátrun skal kæla eða frysta kanínukjötíð og það geymt við hita sem má aldrei fara yfir 4°C ef það er kælt eða -12°C ef það er frosið.

V. KAFLI

Flutningur

13. Kanínukjöt skal flutt á þann hátt að það sé varið meðan á flutningi stendur gegn öllu því sem gæti mengað það eða haft óæskileg áhrif á það, að teknu tilliti til hversu lengi flutningur stendur og aðstæðum og þeim flutningatækjum sem eru notuð. Einkum skal ökutækið sem notað er til þessara flutninga búið á þann hátt að tryggt sé að hitinn verði aldrei meiri en segir í 12. gr.

II. VIÐAUKI

FYRIRMYND
HEILBRIGÐISVOTTORÐfyrir nýtt kanínukjöt⁽¹⁾ sem á að senda til aðildarríkis EBE

Útflutningsland: Nr.⁽²⁾:

Ráðuneyti:

Lögbær þjónusta:

Tilvísun⁽²⁾:

I. Einkenni kjötsins:

Kjöt af:
(dýrategund)

Hvernig skorið:

Tegund umbúða:

Fjöldi fláta:

Nettóþyngd:

II. Uppruni kjötsins:

Heimilisfang/heimilisföng og löggildingarnúmer sláturhússins/sláturhúsanna:⁽⁴⁾

Heimilisfang/heimilisföng og löggildingarnúmer stykkjunarstöðvar/stykkjunarstöðvanna:⁽⁴⁾

III. Viðtökustaður kjötsins:

Kjötið verður sent

frá
(sendingarstaður)

til
(viðtökuland og -staður)

með eftirfarandi flutningatæki⁽³⁾:

Nafn og heimilisfang sendanda:

Nafn og heimilisfang viðtakanda:

⁽¹⁾Nýtt kanínukjöt sem hefur ekki hlotið meðhöndlun til að auka geymsluþol þess; þó telst kanínukjöt nýtt sem hefur verið kælt eða fryst.

⁽²⁾Valfrjálst.

⁽³⁾Þegar um járnbrautarvagna og vöruflutningabíla er að ræða skal gefa upp skráningarnúmer en flugnúmer fyrir flugvélar og heiti fyrir skip.

⁽⁴⁾Strikið út það sem á ekki við.

IV. Heilbrigðisvottun:

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir staðfesti:

- a) — að kanínukjötíð hér að framan,⁽⁴⁾
 - að umbúðirnar sem kanínukjötíð hér að framan er pakkað í⁽⁴⁾ eru með merki sem sannar:
 - að kjötíð er af dýrum sem er slátrað í viðurkenndum sláturhúsum⁽⁴⁾;
 - að kjötíð var niðurhlutað í viðurkenndri stykkjunarstöð⁽⁴⁾;
- b) að þetta kjöt hefur verið viðurkennt hæft til mannelis eftir skoðun dýralæknis í samræmi við tilskipun ráðsins 90/495/EEB frá 27. nóvember 1990 um vanda er varðar heilbrigði almennings og dýra og hefur áhrif á framleiðslu og markaðssetningu á kanínukjötí og alivillibráð;
- c) að flutningatæki eða gámar eða aðstæður við ferlingu á þessari vörusendingu uppfylla kröfur um hreinlæti sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

Gjört í hinn

.....
(undirskrift opinbers dýralæknis)

⁽⁴⁾ Strikið út það sem á ekki við.

III. VIÐAUKI

FYRIRMYND

HEILBRIGÐISVOTTORÐ

fyrir aldar kanínur eða alin villt dýr⁽¹⁾ sem flutt eru frá býli til sláturhúss

Lögbær þjónusta: Nr.⁽²⁾:

I. Einkenni dýrsins:

Dýrategund:

Fjöldi dýra:

Auðkenning:

II. Uppruni dýranna:

Heimilisfang upprunabújarðar:

.....

III. Viðtökustaður dýranna:

Dýrin verða send til eftirfarandi sláturhúss:

.....

með eftirfarandi flutningatæki:

IV. Vottun:

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, staðfesti að dýrin hér að framan voru skoðuð fyrir slátrun á framan-
greindri bújörð hinn

..... hinn og reyndust heilbrigð.

Gjört í hinn

.....

(undirskrift opinbers dýralæknis)

⁽¹⁾Samkvæmt skilmálum sem kveðið er á um í 3. mgr. 6. gr. tilskipunar 90/495/EBE.

⁽²⁾Valfrjálst.

IV. VIÐAUKI

FYRIRMYND

HEILBRIGÐISVOTTORÐ

fyrir nýja villibráð⁽¹⁾ sem á að senda til aðildarríkis EBE

Útflutningsland: Nr.⁽²⁾:

Ráðuneyti:

Lögbær þjónusta:

Tilvísun⁽²⁾:

I. Einkenni kjötsins:

Kjöt af:
(dýrategund)

Hvernig skorið:

Tegund umbúða:

Fjöldi pakkninga:

Nettóþyngd:

II. Uppruni kjötsins:

Heimilisfang/heimilisföng og löggildingarnúmer sláturhúss/sláturhúsanna:⁽⁴⁾

Heimilisfang/heimilisföng og löggildingarnúmer stykkjunarstöðvar/stykkjunarstöðvanna:⁽⁴⁾

III. Viðtökustaður kjötsins:

Kjötið verður sent

frá
(sendingarstaður)

til
(viðtökuland og -staður)

með eftirfarandi flutningatæki⁽³⁾:

Nafn og heimilisfang sendanda:

Nafn og heimilisfang viðtakanda:

⁽¹⁾Nýtt kjöt af öldum villtum fuglum og öldum villtum spendýrum sem hefur ekki hlotið meðhöndlun til að auka geymsluþol þess; þó telst villibráð ný sem hefur verið kæld eða fryst.

⁽²⁾Valfjálst.

⁽³⁾Þegar um járnbrautarvagna og vöruflutningabíla er að ræða skal gefa upp skráningarnúmer en flugnúmer fyrir flugvélar og heiti fyrir skip.

⁽⁴⁾Strikið út það sem á ekki við.

IV. Heilbrigðisvottun:

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir staðfesti:

- a) — að kjötið af tegundunum hér að framan⁽⁴⁾,
— að umbúðirnar sem kjötinu hér að framan er pakkað í⁽⁴⁾,
eru með merki sem sannar:
— að kjötið er af dýrum sem er slátrað í viðurkenndum sláturhúsum⁽⁴⁾;
— að kjötið var skorið í viðurkenndri stykkjunarstöð⁽⁴⁾;
- b) að þetta kjöt hefur verið viðurkennt hæft til manneldis eftir skoðun dýralæknis í samræmi við:
— tilskipun ráðsins 77/118/EBE frá 15. febrúar 1971 um heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á viðskipti með nýtt alifuglakjöt⁽⁴⁾,
— tilskipun ráðsins 64/433/EBE frá 26. júní 1964 um heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á viðskipti með nýtt kjötmeti innan bandalagsins⁽⁴⁾;
- c) að flutningatæki eða gámar eða aðstæður við fermingu á þessari vörusendingu uppfylla kröfur um hreinlæti sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun.

Gjört í hinn

.....

(undirskrift opinbers dýralæknis)

⁽⁴⁾ Strikið út það sem á ekki við.